

Miðvikudaginn 19. júní 1985.

Nr. 131/1983. **Jón Þórhallsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Steypustöðinni h/f

(Jón Halldórsson hrl.)

Skuldamál. Verslunarkaup. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi hefur með stefnu 28. júní 1983, að fengnu árfrýjunarleyfi 21. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, skotið málinu til Hæstaréttar. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi byggir áfrýjandi sýknukröfuna á því einu, að hann hafi ekki verið í reikningsviðskiptum við stefnda vegna byggingar hússins að Langholtsvegi 147. Með þeim rökum, sem fram eru færð í héraðsdómi, verður ekki á þessa málsástæðu fallist. Mótmæli áfrýjanda gegn því, að honum verði dæmt að greiða vexti af skuldbinni frá fyrri tíma en stefnudegi, þykja ekki hafa við rök að styðjast, sbr. 2. ml. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 39/1922. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að eftir uppsögu hans verði vextir af hinni dæmdu fjárhæð dráttarvextir, svo sem þeir hafa verið á hverjum tíma, þó aldrei hærri en 37% ársvextir.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 14.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó með þeirri breytingu á vaxtaákvæði hans, sem að framan greinir.

Áfrýjandi, Jón Þórhallsson, greiði stefnda, Steypustöðinni h/f, 14.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. mars 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. f.m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. júní 1982. Stefnandi er Steypustöðin h/f, Reykjavík, nafnnúmer 8514-1058. Stefndu eru Sigurður Kristinn Jónsson húsasmíðameistari, Háteigi 18, Keflavík, nafnnúmer 7877-9829, og Jón Þórhallsson verslunarmaður, Fálkagötu 34, Reykjavík, nafnnúmer 5204-6629.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða honum *aðallega* kr. 28.683,20 með 46% ársvöxtum frá 1. febrúar 1981 til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar, *til vara* kr. 28.023,68 með 46% ársvöxtum frá 12. febrúar 1981 til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981 og 37% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins, en *til þrautavara* kr. 9.045,17 með 43,5% ársvöxtum af kr. 13.974,05 frá 1.5. 1980 til 1.6. 1980, 46% ársvöxtum af kr. 35.479,40 frá 1.6. 1980 til 30.6. 1980, 46% ársvöxtum af kr. 8.669,42 frá 30.6. 1980 til 1.7. 1980, 46% ársvöxtum af kr. 30.225,62 frá 1.7. 1980 til 1.8., 46% ársvöxtum af kr. 49.947,87 frá 1.8. 1980 til 1.9. 1980, 46% ársvöxtum af kr. 52.303,63 frá 1.9. 1980 til 1.10. 1980, 46% ársvöxtum af kr. 59.124,87 frá 1.10. 1980 til 1.11. 1980, 46% ársvöxtum af kr. 75.884,63 frá 1. 11. 1980 til 28.11. 1980, 46% ársvöxtum af kr. 58.730,17 frá 28.11. 1980 til 12.2. 1981, 46% ársvöxtum af kr. 9.045,17 frá 12.2. 1981 til 1.3. 1981, 42% ársvöxtum af kr. 9.045,17 frá 1.3. 1981 til 1.6. 1981, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi Sigurður Kristinn krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Stefndi Jón gerir þær kröfur *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en *til vara*, að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í báðum tilfellum úr hendi stefnanda.

Sáttaumleitanir af hálfu dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Stefndu keyptu á árinu 1979 saman lóðina nr. 147 við Langhóltsveg í Reykjavík í því skyni að byggja sameiginlega íbúðarhús á lóðinni. Formlega var lóðin þó ekki skráð á nafn Jóns fyrr en með kaupbréfi, dagsettu 24. júní 1980, en þá höfðu stefndu byrjað byggingarframkvæmdir á lóðinni. Stefndu gerðu ekki skriflegan samning um byggingu hússins, en strax í upphafi gerðu þeir um það munnlegt samkomulag, að þeir greiddu byggingarkostnað hússins að hálfu hvor.

Hin umstefnda skuld er eftirstöðvar af andvirði steypu, sem stefnandi afhenti til hússins á tímabilinu 2. apríl til 21. október 1980.

Stefndu réðu til sín múraramestarann Friðrik Andrésen til þess að sjá um múrverk hússins. Hann hefur m.a. skýrt svo frá hér fyrir dómi: „Ég var múraramestari við byggingu hússins nr. 147 við Langholtsveg í Reykjavík. Þeir réðu mig til starfans Jón Þórhallsson og Sigurður Kr. Jónsson. Jón þekkti ég af afspurn en Sigurð þekkti ég ekki neitt. Ég tel að ég hafi pantað steypuna í húsið að mestu leyti. Múraramestari húss verður að kanna teikningar verkfræðinga af húsi og kynna sér hvaða styrkleika og tegund af steypu verkfræðingur hefur tilgreint í einstaka hluta hússins. Ég tel að ég hafi haft símasamband við Steypustöðina h.f. til þess að segja fyrir um hvers konar steypu stöðin skyldi senda í hvert skipti. Eftir að þeir félagar réðu mig til starfans áritaði ég teikningar hjá byggingafulltrúa samkvæmt venju þar um. Þessa áritun gerði ég áður en nokkuð var farið að steypa af grunni hússins.“

Jón Ólafsson, gjaldkeri stefnanda, hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá: „Mig minnir, að Sigurður Kr. Jónsson hafi tekið út fyrstu steypuna til hússins nr. 147 við Langholtsveg í Reykjavík, áður en þeir félagar Sigurður og Jón Þórhallsson komu báðir til mín, en Sigurður Kr. Jónsson hafði verið í föstum viðskiptum hjá Steypustöðinni. Ég tel að það hafi verið í maí eða júní sem Sigurður greindi mér frá því að hann væri ekki einn um úttektina og ég tel að hann hafi þá nafngreint byggingafélaga sinn. Ég minnst þess að Jón Þórhallsson kom til mín til þess að ræða uppgjör á skuldinni vegna steypuúttektarinnar. Ég man ekki hvort hann kom einn eða Sigurður með honum. Mér virtist nokkuð fljótlega að þeir félagar ætluðu að skipta greiðslunum á milli sín og borga hvor sinn helming á úttektinni. Sigurður kom svo til mín þegar búið var að taka út steypuna og tjáði mér að ég ætti að snúa mér til Jóns með greiðslur á þeim eftirstöðvum á skuldinni sem þá var eftir. Jafnframt tók hann fram eitthvað á þá leið: „En auðvitað er ég ábyrgur gagnvart ykkur á greiðslu steypunnar.“ Ég fór svo að krefja Jón Þórhallsson um greiðslu, eftir að steypuúttekt lauk. Hann hélt mér stöðugt á snakki en þvertók ekki fyrir að hann ætti að greiða skuldina. Hann hafði ekki verið í viðskiptum hjá okkur áður svo að ég muni. Mig minnir fastlega að í nóvember 1980 hafi Jón greitt inn á skuldina. Ég taldi að þeir væru báðir ábyrgir fyrir greiðslu steypuúttektarinnar eftir að ég fékk vitneskju um að þeir væru báðir sameigendur að húsbyggingunni. Ég taldi innborgun Jóns vera frekari staðfestingu og viðurkenningu hans á því að hann væri úttektarmaður á steypunni með Sigurði Kr. Jónssyni. Ég minnst þess ekki að þeir félagar hafi óskað þess að steypuúttektin yrði færð að hálfu á nafn hvors um sig. Jón Þórhallsson fékk ekki sent mánaðarlegt yfirlit um stöðu reikningsins. Ég tel að Sigurður Kr. Jónsson

hafi fengið sent jafnóðum eitthvað af reikningsyfirlitunum á dskj. nr. 4-18. Jón Þórhallsson hefur ekki verið skuldfærður fyrir þessum steypuúttektum í bókhaldi Steypustöðvarinnar h.f. Áður en ég afhenti mál þetta til innheimtu hjá lögfræðingi hafði ég krafist þá báða um eftirstöðvar skuldarinnar, þá Sigurð og Jón, munnlega. Lögfræðingurinn tók síðan ákvörðun um það hverjum var stefnt í málinu. Ég hefi skrifað kvittunina á dskj. nr. 56. Ég treysti mér ekki nú til þess að segja um við hvaða vaxtafót ég miðaði og heldur ekki hvaða kostnað ég lagði til grundvallar þegar ég reiknaði út fjárhæðina kr. 284.554,- á dskj. nr. 56. Jón Þórhallsson gerði enga athugasemd við kostnaðarútreikninginn á dskj. nr. 56. Mig minnir að hann hafi einmitt á þessum tíma unnið einhvers konar endurskoðenda-störf við Landsbanka Íslands. Ég er fyrst að heyra núna aðfinnslu út af þessari fjárhæð. Lögmaður Jóns hefur nú í réttinum tjáð mér að frumrit dskj. nr. 56. sé í höndum Jóns Þórhallssonar. Ég tel því að það sé rétt hjá mér að Jón hafi komið með víxil þennan til mín sem greiðslu.“

II.

Stefnandi heldur því fram, að stefndu séu báðir ábyrgir fyrir greiðslu á eftirstöðvum steypuúttektarinnar. Hefur lögmaður hans m.a. bent á eftirfarandi atriði máli stefnanda til stuðnings: Vöruúttektin til hússins sé nú ekki véfengd. Stefndu hafi sameiginlega keypt umrædda lóð gagnert til þess að byggja sameiginlega á henni hús til þess að selja það með hagnaði. Þeir hafi ráðið til sín múraramestara, sem muni hafa pantað meirihlutann af steypunni. Þegar úttekt hófst, hafi verið um að ræða byggingu húss í óskiptri sameign stefndu. Stefndu hafi hvor um sig haft samgönguumboð til þess að panta eðlilegt og nauðsynlegt efni til hússins. Stefndi Sigurður Kristinn hafi því haft heimild til þess að panta steypuna á ábyrgð beggja og semja um úttektina. Stefndi Sigurður Kristinn sé augljóslega ábyrgur fyrir eftirstöðvum skuldarinnar, enda hafi hann fengið reikningsyfirlit og viðurkennt skuldina með innborgunum. Stefndi Jón, sem vissi um úttektina frá upphafi, hafi auðvitað gert sér grein fyrir, að þessi úttekt rann til sameiginlegrar byggingar þeirra félaga. Þar við bætist, að stefndi Jón haldi því fram, að hann hafi afhent víxil til greiðslu upp í steypuúttektina í júní 1980, og fullsannað sé og reyndar viðurkennt af stefnda Jóni að þann 25. nóvember 1980 hafi hann sjálfur komið og afhent stefnanda víxil að fjárhæð gkr. 2.000.000 til greiðslu upp í úttektina. Beri að líta svo á, að þar með hafi stefndi Jón viðurkennt greiðsluskyldu sína á steypunni. Stefndu greini einfaldlega á, hvorum þeirra beri að greiða. Það sé mál, sem stefnanda komi ekki við. Innkaup stefndu á steypunni hafi í raun verið sameiginleg. Beri því að dæma stefndu in solidum til að greiða skuldina ásamt vöxtum, svo sem krafist hefur verið.

Að því er varðar vexti er af hálfu stefnanda vísað til bréfs Seðlabanka Íslands á dómskjali nr. 54. Er því haldið fram, að stefnanda hafi verið heimilt að reikna mánaðardráttarvexti af skuldinni, eins og hún var við hver mánaðamót, til 1. febrúar 1981 og taka síðan ársvexti af skuldinni, eins og í aðalkröfu greinir. Til vara eru kröfur stefnanda settar fram eins og rakið er í upphafi dóms þessa.

III.

Stefndi Sigurður Kristinn mótmælir ekki vöruúttektinni sem slíkri. Þessi stefndi telur sig hins vegar ekki ábyrgan fyrir greiðslu eftirstöðva skuldarinnar, þar sem hann hafi þegar greitt helming úttektarinnar og meira en það. Stefnda Jóni beri því að greiða eftirstöðvar skuldarinnar, þar sem hann hafi ekki greitt sinn helming af vöruúttektinni. Heildarúttekt á steypu til hússins hafi numið samtals nýkr. 102.694,61. Sjálfur kveðst Sigurður hafa greitt samtals nýkr. 59.495,98. Stefnda Jóni beri því að greiða eftirstöðvarnar. Falli dómur hins vegar svo í máli þessu, að hann, Sigurður Kristinn, teljist meðábyrgur um greiðslu skuldarinnar, er því haldið fram af hans hálfu, að vaxtakröfur í aðalkröfu og fyrri varakröfu séu rangt út reiknaðar. Reikna beri einfalda vexti, eins og í annarri varakröfu greini.

Því er algerlega mótmælt af hálfu þessa stefnda, að um sólídaríska ábyrgð stefndu sé að ræða. Geti það ekki skapað stefnanda aukinn rétt, þótt stefnandi hafi upp á sitt eindæmi stílað reikninga vegna steypuúttektarinnar á stefnda Sigurði Kristin í stað þess að gera báðum eigendum hússins reikning fyrir úttektinni.

Sýknukrafa stefnda Jóns er byggð á því, að hann sé ekki réttur aðili þessa máls. Er því haldið fram af hálfu Jóns, að Jón hafi ekki verið í viðskiptasambandi við stefnanda og ekkert réttarsamband hafi því stofnast þeirra í millum. Stefndi Sigurður Kristinn hafi verið í föstum viðskiptum hjá stefnanda og allir reikningar vegna steypuúttektarinnar hafi verið færðir á nafn Sigurðar Kristins, enda hafi Sigurður Kristinn samið um úttektina, en stefndi Jón ekki farið á skrifstofu stefnanda fyrr en 28. nóvember 1980, þegar hann greiddi inn á reikning Sigurðar Kristins andvirði víxils að fjárhæð gkr. 2.000.000. Því er sérstaklega andmælt af hálfu Jóns, að hann og Sigurður Kristinn hafi farið saman á skrifstofu stefnanda og samið um úttekt á steypunni hjá stefnanda. Augljóst sé, að stefnandi hafi alla tíð, á meðan á afhendingu steypunnar stóð, litið á Sigurði Kristin sem viðskiptamann sinn. Af hálfu stefnda Jóns er úttektinni nú ekki andmælt. Hins vegar er vaxtakröfu stefnanda andmælt. Þá var því einnig haldið fram við hinn munnlega málflutning, að stefnandi hafi tekið of háa forvexti af víxlum, sem stefnandi keypti af stefndu. Beri því að lækka kröfuna af þeim ástæðum. Af hálfu stefnanda var þessari kröfu andmælt sem of seint fram

kominni og auk þess væri hún ekki nægjanlega rökstudd. Verður að fallast á þau andmæli af hálfu stefnanda. Kemur þessi málsástæða því ekki til frekari umfjöllunar.

IV.

Sveinn Valfells, varastjórnarmaður og prókúruhafi stefnanda, og báðir stefndu hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi svo og vitnin Friðrik Andrésson, Jón Ólafsson og Kristján Sigurgeirsson.

Stefndi Sigurður Kristinn var í reikningsviðskiptum við stefnanda, þegar steypuúttekt sú, sem mál þetta fjallar um, hófst. Ósannað er gegn andmælum stefnda Jóns, að Jón hafi fyrirfram ásamt stefnda Sigurði Kristni samið um úttektina við stefnanda. Telja verður hins vegar nægjanlega upplýst, að stefndi Sigurður Kristinn hafi fljótlega gert stefnanda grein fyrir því, að þeir stefndu væru sameigendur að húsbyggingunni og ættu báðir að greiða steypuna, sem til hússins færi. Stefndu réðu múrarameistara til þess að annast steypuvinnu við húsið. Múrarameistarinn telur sig hafa pantað steypuna að mestu leyti sjálfur. Þegar þetta er virt, þykir stefnandi hafa mátt treysta því, að stefndi Sigurður Kristinn, sem var sameigandi húsbyggingarinnar með stefnda Jóni, hefði umboð til þess að taka út steypu til hússins á ábyrgð beggja stefndu og að stefndi Jón hafi staðfest þetta með því að afhenda sjálfur stefnanda víxilinn að fjárhæð gkr. 2.000.000 hinn 28. nóvember 1980 sem greiðslu upp í steypuúttektina án þess að gera þar um nokkurn fyrirvara. Í því sambandi þykir ekki skipta máli, þó að stefndi Jón hafi í þetta sinn fengið kvittun fyrir greiðslu inn á reikning stefnda Sigurðar Kristins, en öll úttektin var skráð í bækur stefnanda á nafn stefnda Sigurðar Kristins. Þegar þetta er virt og málavextir að öðru leyti, ber að fallast á það með stefnanda, að stefndu beri in solidum ábyrgð á eftirstöðvum skuldarinnar, sem til stofnaðist vegna steypunnar, sem stefnandi afhenti til hinnar sameiginlegu byggingar stefndu. Er þá einnig á það fallist með stefnanda, að deila stefndu um skiptingu á greiðslu skuldarinnar sín á milli sé stefnanda óviðkomandi.

Óumdeilt er nú, að andvirði steypunnar, sem stefnandi afhenti til húsbyggingarinnar, nam samtals gkr. 10.269.461, eða nýkr. 102.694,61. Einnig er nú samkomulag um, samanber yfirlýsingu lögmanns stefnanda og stefnda Sigurðar Kristins í þinghaldi 7. febrúar 1983, að af greiðslu stefnda Sigurðar Kristins, sem fram fór 30. júní 1980, beri að líta svo á, að af nettóandvirði víxils, sem þessi stefndi afhenti stefnanda nefndan dag, hafi gkr. 667.902 runnið til greiðslu á eldri skuld stefnda Sigurðar Kristins, en mismunurinn, gkr. 981.098, eða nýkr. 9.810,98, beri að skoða sem fyrstu greiðslu upp í steypuúttekt til hinnar sameiginlegu húsbyggingar stefndu. Er í þessu sambandi einnig vitnað til dómskjals nr. 11. Aðrar greiðslur af hálfu stefndu voru nýkr. 16.999,00, einnig 30. júní 1980, nýkr. 17.154,46

þann 28. nóvember 1980, og 12. desember 1981 voru greiddar nýkr. 49.685,00. Samtals námu innborganir því kr. 93.649,44. Þegar innborganir þessar dragast frá kr. 102.694,61, verður mismunurinn kr. 9.045,17.

Þrátt fyrir yfirlýsingu tveggja lögfræðinga Seðlabanka Íslands á dóm-skjali nr. 54 þykir ekki unnt gegn andmælum stefndu og með vísan til for-dæmis Hæstaréttar í vaxtaákvörðunum að taka til greina útreikning á höfuðstólskröfu stefnanda í aðalkröfu og fyrri varakröfu. Verður höfuð-stóll þrautavarakröfu stefnanda, kr. 9.045,17, sem ekki hefur sætt andmæl-um stefndu, því tekinn til greina ásamt vöxtum, eins og í dómsorði verður frá greint.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 6.000,00.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigurður Kristinn Jónsson og Jón Þórhallsson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Steypustöðinni h/f, kr. 9.045,17 með 43,5% ársvöxtum af kr. 13.974,05 frá 1. maí 1980 til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum af kr. 35.479,40 frá þeim degi til 1. júlí 1980, 46% ársvöxtum af kr. 30.225,62 frá þeim degi til 1. ágúst 1980, 46% ársvöxtum af kr. 49.947,87 frá þeim degi til 1. september 1980, 46% ársvöxtum af kr. 52.303,63 frá þeim degi til 1. október 1980, 46% ársvöxtum af kr. 59.124,87 frá þeim degi til 1. nóvember 1980, 46% ársvöxtum af kr. 75.884,63 frá þeim degi til 1. desember 1980, 46% ársvöxtum af kr. 58.730,17 frá þeim degi til 12. febrúar 1981, 46% ársvöxtum af kr. 9.045,17 frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1981 og með 37% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 6.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.